

Ársfundur Kennarasambands Íslands
Haldinn á Grand Hóтели Reykjavík
Föstudaginn 16. apríl 2010 kl. 8:15 - 16:15

Dagskrá

1. **Setning - kosning starfsmanna**
2. **Skýrsla stjórnar og nefnda**
3. **Starfsemi KÍ og félaga - framtíðarsýn**
4. **Reikningar og fjárhagsstaða KÍ**
5. **Útgáfu, kynningarmál**

Kaffihlé

6. **Kjaramál. Inngangur. Staða kjarasamninga – samstarf á vinnumarkaði.** Eiríkur Jónsson formaður Kjararáðs.

Erindi:

1. Kjarasamningar hjá ríkinu – hver ræður niðurstöðunni? **Dr. Katrín Ólafsdóttir**
2. Hver eru fjárhagsleg áhrif kennaraverkfalla? Dæmi frá árinu 2000. **Oddur S. Jakobsson** hagfræðingur KÍ

Matarhlé

7. **Skólamál.** Inngangur: **Elna Katrín Jónsdóttir**, formaður skólamálaráðs

Erindi

1. Forystuhæfni og tengsl hennar við skólaþróun. **Sigríður Margrét Sigurðardóttir**, aðjúntkt við HA.
2. Um inntak kennaramenntunar í HÍ, **Kristín Jónsdóttir og Kristín Karlsdóttir** námsbrautarstjórar grunn- og leikskólabrauta á Menntavísindasviði HÍ.
3. Bakgrunnur PISA, umbótastarf og staða grunnnáms í samhengi við aðrar þjóðir. **Almar M. Halldórsson**, séfræðingur hjá Námsmatsstofnun.
8. **Innra starf og starfsumhverfi: Atli Harðarson** formaður Siðaráðs; **Sesselja G. Sigurðardóttir** formaður Vinnuumhverfisnefndar; **Björk Óttarsdóttir**, formaður Jafnréttisnefndar
9. **Fundarslit**

1. Setning

Eiríkur Jónsson setti fundinn með ávarpi

Í ávarpi sínu sagði formaður að Kennarasamband Íslands og félagsmenn þess hefðu ekki farið varhluta af þeim mikla niðurskurði sem efnahagshrunið hefur valdið. Ljóst væri að skólakerfið hafi þegar verið rist inn að beini og útilokað væri að skera frekar niður án þess að það hefði mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Benti hann á að margsannað væri að besta leiðin út úr kreppu væri að efla menntun og þar með verðmætasköpun. Við núverandi aðstæður væri nauðsynlegt að forgangsraða í þágu menntunar.

Formaður vakti athygli á því að um næstu mánaðamóti yrði stofnað nýtt félag stjórnenda í leikskólum og yrðu félögin innan KÍ þá orðin átta að meðtöldu Félagi kennara á eftirlaunum.

Að loknu ávarpi sínu lýsti formaður fund settan og lagði til að Stefán Andrésen yrði fundarstjóri fyrir hádegi og Sigrún Grendal eftir hádegi. Var það samþykkt og jafnframt að Helgi E. Helgason ritaði fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar KÍ og nefnda

Formaður og varaformaður kynntu skýrslu stjórnar til ársfundar 2010 og gerð var grein fyrir starfsemi nefnda. Gerði formaður grein fyrir kjaramálþætti skýrslunnar en varaformaður fyrir skólamálaþætti hennar. (Sjá prentaða skýrslu).

3. Starfsemi KÍ og félaga, framtíðarsýn

Í ávarpi sínu undir þessum lið vék formaður að aðdraganda stofnunar KÍ í núverandi mynd. Sagði hann marga hefði breyst á tíu árum. Félögin hefðu með árunum orðið sjálfstæðari, en jafnframt hefðu ýmsir þættir færst á sameiginlegt borð, t.d. þjónusta og afgreiðsla sjóða. Benti hann á að á þingi KÍ árið 2008 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum KÍ sem miðuðu að því að skýra hvar ábyrgðin á starfsemi sambandsins liggur. Í sem stystu máli megi segja að ábyrgðin á starfi KÍ og félaganna liggja fyrst og síðast hjá stjórn KÍ. Þannig geti hvorki einstök félög eða sjóðir sambandsins tekið skuldbindingu ákvarðanir er varða fjárútlát eða fjárhagslegar skuldbindingar nema þær séu í samræmi við samþykktir þings eða þær hafi verið samþykktar af stjórn KÍ. Formaður vék sérstaklega að málefnum orlofsjóðs í stjórnartíð fyrverandi formanns sjóðsins og harmaði að umræða um þau á síðasta þingi hefði ratað inn í fjölmíðla.

Formaður sagðist áður hafa tilkynnt að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku að loknu næsta þingi KÍ. Uppstillingarnefnd hefði verið kölluð saman og yrði auglýst eftir framboðum til formanns í maí og nýr formaður væntanlega kjörinn fyrir næstu áramót.

Í niðurlagi erindisins sagði formaður: „Ljóst má vera að framundan er mikil óvissa um framhald kjaraviðræðna. Hvort KÍ verði áfram með í samfloti á vinnumárkaði eigi eftir að koma í ljós. Ég hvet forystu félaganna til að efna til umræðu um þessi mál því niðurstaða verður að fást fyrir sumarleyfi svo hægt sé að ákveða næstu skref.“

4. Reikningar og fjárhagsstaða KÍ

Hannes Þorsteinsson kynnti helstu niðurstöður reikninga KÍ og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu sambandsins.

5. Útgáfu og kynningarmál

Kristín Elfa Guðnadóttir útgáfustjóri KÍ gerði grein fyrir breytingum á útgáfumálum KÍ, fækkun tölublaða Skólavörðunnar og breytinga á blaðinu, útgáfu vefritsins Eplið og öðrum þáttum útgáfumála.

6. Kjaramál

- A) Eiríkur Jónsson flutti inngangserindi um **stöðu kjarasamninga – samstarf á vinnumarkaði**. Í erindinu kom fram að fulltrúar KÍ hafi sett fram þau sjónarmið fyrir hönd félaganna að ef ekki takist að gera nýja kjarasamninga fyrir öll félögin innan KÍ sé tómt mál að tala um áframhaldandi aðild KÍ að svonefndum stöðugleikasáttmála. Auk ógerðra kjarasamninga hafi niðurskurðarhnífnum trúlega verið beitt meira en ráð var fyrir gert í forsendum stöðugleikasáttmálans. Eiríkur vék m.a. að umræðum um lífeyrissjóðakerfið og nefnd sem fjallar um lífeyrissjóðamálin í heild. Þar hafi komið í ljós að opinbera lífeyrissjóðakerfið eigi mjög undir högg að sækja. Háar skuldbindingar vaxi mörgum í augum. Í þessu sambandi sé þó nauðsynlegt að hafa í huga að skuldbindingarnar eru í raun vangreidd launategd gjöld sem vinnuveitandinn lofaði á sínum tíma að greiða þegar þar að kæmi. Aldrei verði liðið að ekki verði staðið í skilum með þennan hluta launanna. Varðandi hugmyndir um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sagði Eiríkur að áður en ákvörðun um slíkt væri tekin yrði að tryggja að núverandi lífeyrisþegar og þeir sem nú eru í starfi og greiða í opinberu sjóðina verði ekki fyrir ólögmatrí eignaupptöku með skerðingu á greiðslum.
- B) Dr. Katrín Ólafsdóttir lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík flutti erindi með yfirskriftinni **„Kjarasamningar hjá ríkinu – hver ræður niðurstöðunni?“** Erindið byggðist á doktorsritgerð Katrínar sem fjallar að stórum hluta um launaþróun hjá íslenska ríkinu og þær breytingar sem gerðar voru á kjarasamningum árið 1997. Í erindi sínu fjallaði Katrín um hvað breyttist þegar ný launatafla og aukin dreifstýring í launasetningu var tekin upp hjá ríkinu og bar í því sambandi saman tímabilin 1994-1997 og 2001 – 2004. Í erindinu kynnti Katrín hvernig samningavald stéttarfélag breyttist á þessum tíma.
- C) Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ flutti erindi undir heitinu **„Hver eru fjárhagsleg áhrif kennaraverkfalla? Dæmi frá árinu 2000.“** Erindið byggði Oddur á meistaraprófsritgerð sinni *Verkföll íslenskra kennara: Fjárhagsleg áhrif á þjóðfélagshópa*. Tekið er dæmi af verkfalli framhaldsskólakennara frá aldamótum 2000/2001 og reynt að svara því hver fjárhagsleg áhrif þess voru á ólíka þjóðfélagshópa.

7. Skólamál

Inngangserindi: Elna K. Jónsdóttir formaður skólamálaráðs og varaformaður KÍ flutti inngangserindi um skólamál. Yfirskrift erindisins var: **„Það sem mölur og ryð fær ekki grandað“**. Benti hún á að mikilvæg forsenda KÍ fyrir þátttöku í stöðugleikasáttmálanum hafi verið yfirlýstur vilji yfirvalda til þess að hlífa fremur velferðarmálum, þ.m.t. skólamálum, en öðrum. Hins vegar væri mjög óljóst með efndir í því efni. Ljóst væri að verulegs niðurskurðar og samdráttar gætti í skólastarfi í landinu. Þannig mætti segja að kennarar, skólastjórnendur og fræðsluyfirvöld væru að hrekjast til baka með margar umbætur sem gerðar hafa verið á undanförunum árum. Að þessu leyti væri dökkt framundan og sýnt að stefnt gæti í harkalegan niðurskurð í framhaldsskólastarfi vegna skólaársins 2010 – 2011 og ekki væri ljóst hvernig slæm fjárhagsstaða einstakra sveitarfélaga kæmi við starfrækslu skóla á viðkomandi stöðum.

Í inngangserindi sínu ræddi Elna um ný lög um skólastigin. Fram kom að KÍ hefur miklar áhyggjur af því að kreppa og niðurskurður leiði til þess að lítið verði úr áherslum skólastigalaganna á að auka velferð nemenda og bæta þjónustu við þá - ekki síst þá er standa höllum fæti.

Einnig vék Elna að starfsumhverfi í skólum, tengslum KÍ við háskóla og fræðastarfi, kennaramenntun og símenntun og áhrifum efnahagskreppunnar á skólastarf og menntakerfi í öðrum löndum. Að lokum rakti hún helstu áhersluatriði í skólamálastarfi KÍ 2010 – 2011.

Erindi um skólamál:

- A) Sigríður Margrét Sigurðardóttir aðjúnkt við HA flutti erindi sem hún nefndi „**Forystuhæfni og tengsl hennar við skólaþróun**“. Umfjöllunarefni erindisins er byggt á niðurstöðum meistaraþrófsrannsóknar fyrirlesara. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á mikilvægi forystuhæfni fyrir þróun skólustarfs. Í erindinu var fjallað um gildi forystuhæfni hópa, forystu einstaklinga innan þeirra og forystuhæfni skólans í heild fyrir skólaþróun og lítið á samhengi þessara þátta í þróunarferli skóla.
- B) Kristín Jónsdóttir og Kristín Karlsdóttir námsbrautarstjórar grunn- og leikskólabrauta Menntavísindasviðs HÍ fluttu erindi um **inntak nýrrar kennaramenntunar**. Í júní 2008 voru afgreidd frá Alþingi ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Á grundvelli laganna og reglugerðar um inntak kennaramenntunar hefur verið unnið að skilgreiningum og framsetningu nýs kennaranáms. Fjallað var í erindinu um stöðu þeirrar vinnu innan HÍ.
- C) Almar M. Halldórsson sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun flutti erindi með fyrir sögninni „**Bakgrunnur PISA, umbótastarf og staða grunnnáms í samhengi við aðrar þjóðir**“. Í erindinu var fjallað um atriði sem snerta bakgrunn, kenningaramma, skipulag, aðferðafræði, þýðingu PISA rannsóknarinnar hingað til fyrir menntakerfin, þróunina og núverandi stöðu.

8. Innra starf og starfsumhverfi

Atli Harðarson formaður Siðaráðs KÍ kynnti starfsemi ráðsins.

Sesselja G. Sigurðardóttir formaður Vinnuumhverfisnefndar sagði frá starfsemi nefndarinnar.

Björk Óttarsdóttir formaður Jafnréttisnefndar KÍ sagði frá starfsemi nefndarinnar.

Erindi: Björk Helle Lassen kennari í Ingunnarskóla flutti erindi um reynslu og upplifun kennara af erlendum uppruna af því að kenna við grunnskóla Íslandi. Yfirskrift erindisins var „**Í tveimur menningarheimum**“. Í erindinu var fjallað um niðurstöður rannsóknar meðal 84 grunnskólakennara af erlendum uppruna sem fram fór árin 2005 og 2006. Rannsóknin var uppistaða í meistaraþrófsritgerð Bjarkar Helle Lassen

Tveir starfandi erlendir kennarar frá Króatíu og Póllandi sögðu frá reynslu sinni sem kennarar hér á landi.

Fundarslit

Elna K. Jónsdóttir varaformaður KÍ þakkaði framsögumönnum öllum fyrir fróðleg erindi og fundarmönnum fyrir fundarsetuna og góðan fund. Fundi var slitið kl. 16:10.

Að fundi loknum var fundarmönnum boðið að þiggja hressingu í boði KÍ.

Helgi E. Helgason
fundarritari